

# Vistfræðistofan

Ágúst H. Bjarnason, fil. dr.

Laugateigi 39 • 105 Reykjavík

Kennitala 301245-3869 • Vsknr. 31068

Tölvup. [ahb@ismennt.is](mailto:ahb@ismennt.is) • Sími 553 6306

Hönnun, verkfræðistofa  
Haukur Einarsson

Sem svar við fyrirspurn frá Skipulagsstofnun um gróður á vegarstæðum B og C í samanburði við vegarstæði A, er rétt að taka fram eftirfarandi:

Vegalengd á hrauni eftir leið C er styttri en leið B og leið B er styttri en á leið A eins og glögglega kemur fram á meðfylgjandi kortum ( $A > B > C$ ). Flóran á þessum þremur leiðum er í alla staði mjög áþekk, það er að segja, að nær sömu tegundir verða fyrir röskun. Þess eru engin merki, að sérstök vá sé fyrir dyrum í þeim efnum.

Á hinn bóginn ræðst fjölbreytni gróðurfélaga einkum af því hversu margbrotið yfirborð hraunanna er. Á leið A eru helluhraunsflákar miklu mun víðlendari en á hinum leiðum og hraunið að jafnaði ekki eins stórbrotið og gróðurfélög því einsleitari. Óreglulegar hraunmyndanir eru stórkostlegri á hinum leiðunum og einkum á leið C, og gróðurfélög því sérstæðari. Rétt er þó að taka fram, að áhrifa manna á hraunagróðurinn gætir í næsta nágrenni við núverandi veg. Þannig hafa ýmsir losað sig við rusl nálægt vegi og spillt gróðri í mörgum gjótum og umferð manna um hraunið er mest í grennd við veginn og þar, sem leið C er fyrirhuguð. Óspilltustu gróðurfélögin – ef svo má til orða taka – er því að finna á leið A, enda hefur umferð manna þar verið einna minnst fram til þessa.

Engin þessara gróðurfélaga eru einstök í sinni röð en gildi þeirra er ef til vill fyrst og fremst fólgið í því, að þau skuli vera við þéttbýli. Af mörgum dæmum sést, að hraunagróður er mjög fljótur að breytast, ef áhrifa frá mönnum gætir þar að einhverju marki. Sést þetta skýrt í Hafnarfirði, í Garðakaupstað og víða um land, þar sem sumarbústaðir hafa verið leyfðir í hraunum.

Reykjavík, 9. ágúst 1999

Ágúst H. Bjarnason